

## Skólanefndarfundur

23.ágúst 2022 kl.12:00

Fundarherbergi 6.hæð

**Mættir:** Helga Kristín Kolbeins, Thelma Björk Gísladóttir, Helga Björg, Lovísa Inga Ágústsdóttir, Kári, Guðbjörg Sól Sindradóttir, Leifur Jóhannesson, Gunnar Friðfinnsson, Íris Róbertsdóttir.

**Fundarstjóri:** Helga Kristín skólameistari

**Ritari:** Thelma Björk aðstoðarskólameistari

### Fundarefni:

- Skólastarfið í upphafi annar.
- Fjármálin
- Innritun
- Innra starf skólans

### Umræður/niðurstöður:

Skólinn fer vel af stað.

#### *Fjármálin:*

- Ágætis staða á rekstri skólans, þó aðeins yfir áætlun. Eru það helst laun vegna veikinda starfsmanna. En viðskiptareikningur við ríkissjóð stendur vel. Komið að því að endurnýja herma í vélstjórninni og tækjabúnað í grunndeild rafiðna.
- Rekstrartekjurnar hefðbundnar (sjá fylgiskjal) og eru launin og húsnæðið stærsti bitinn. Skólinn er á pari miðað við fjárhagsáætlun.
- Reksturinn er í jafnvægi.
- Ýmsir þættir bæst við rekstrarféð sem hafa þarf í huga, t.a.m. Microsoft leyfi og Menntaský.

#### *Innritun*

- Innritun gekk vel. Margir sem innrita sig seint, c.a 20% sem koma inn eftir að hefðbundinni innskráningu líkur. Staða í dag bendir til þess að einingar á önn séu mun færri en fyrri annir en stundatöflubreytingar enn í gangi og gert er ráð fyrir að einingar á önn verði svipaðar og áður.
- Nemendafjöldi heldur sér, 200 nemenda ígildi, sem sagt 200 nemendur í fullu námi.
- Skipting á milli brauta er svona: 10% í fornámi, 37% í verknámi og 53% í bóknámi.
- Fáir nemendur sem dreifast víða. Höfum brugðist við með því að taka út þýsku sem þriðja mál. Ávallt er allt gert til þess að nemendur í verknámi hafi tækifæri til að taka bóknámið hjá okkur, hvort svo sem það er í fjarnámi, staðnámi eða lotubundnu námi.

### *Innra starf skólans*

- Megin þema er að auka virkni nemenda. Nám á sér stað í gegnum samskipti og nú er lag að vinna með það eftir covid árin.
- Vörðumatið hefur komið vel inn og skilað miklum og góðum árangri. Þurfum að skrifa um þetta þar sem þetta er einstakt matskerfi og úrvinnslan er skilvirk.
- Við notum upplýsingatæknina mjög mikið. Yfirfærslan er ekki eins og við hefðum viljað og því var breyting á þessari önn og allir nýnemar voru settir í upplýsingatækni til þess að kenna þeim á kerfið sem við notum, sem er INNA eða Microsoft 365. Einnig fara skipulagstímar inn í alla áfanga.
- Verkefnið – lýðræði í kennslu. Styrkur frá Sprotasjóði uppá tæpar tvær milljónir. Með þessu verkefni er hugmyndin að fá nemendur til þess að koma að ákvarðanatökunni með t.d. námsmati, verkefnum og fleira.
- Rannsóknir nemenda hefur dalað og við því þarf að bregðast. Okkar nemendur eru langt fyrir ofan viðmið þó svo að hamingjan sé að fara niður. Niðurstöður sýna jafnframt að yngri nemendur eru minna hamingjusöm.
- Vonandi kemur breytt tímatafla til með að bæta líðan, sem og billiard borð sem er að koma á neðstu hæðina í stað fatahengis áður. Niðurstöður kannanna sýndi að svefnleysi ungmenna væri mikið og því var ákveðið að fara þessa leið.
- Matstofa skólans heldur áfram í rekstri skólans með einn starfsmann í vinnu. Tekið hefur verið ákvörðun um að taka út alla orkudrykki og þ.a. collab sem var til sölu á síðustu önn. Í staðinn kemur inn sóðavatn með og án bragðs sem og safu og kókómjólk. Það er okkar von að þetta skref komi einni til með að bæta svefnvenjur ungmenna í FÍV.
- Skólanefnd óskar Helgu Kristínu til hamingju með að vera orðin formaður Skólameistarafélags Íslands og álitur að það sé skólanum til framdráttar.
- Næsti fundur er áætlaður um miðjan október. Skólameistari sendir fundarboð.

Fundi slitið kl.13:00